



Gæludýr í strætó?

Verkefnishandbók





1. Skilgreiningar og umfang

Upphaf: fyrsti fundur haldinn 7. apríl í Mjódd, áætluð verklok eru í maí 2016.

Verkefnisstjóri: Bergdís I. Eggertsdóttir, bergdis@straeto.is, s. 868 4860. Sér um fundarboðun, gerð dagskrár, fundargerðir, stýringu verkefnis og eftirfylgni verkþátta.

Verkkaupi: Stjórn Strætó bs.

Vinnuhópin skipa auk verkefnastjóra:

- 💰 Hildur Lillendahl Viggósdóttir, Hollvinasamtök Strætó, Hildur@reykjavik.is, sími 411 4706
- 💰 Haraldur Karlsson, Hollvinasamtök Strætó, h@raldur.is, sími 844 4988
- 💰 Sigurður Grétar Ólafsson, farþegaþjónusta Strætó, sgo@straeto.is, sími 690 6730
- 💰 Jónas Jakopsson, trúnaðarmaður starfsmanna Strætó, jonasj@straeto.is, sími 617 2526
- 💰 Pétur G.P. Árnason, trúnaðarmaður starfsmanna Strætó, peturg.th.arnason@straeto.is, sími 617 2566
- 💰 Hákon Viðar Erlingsson, vagnstjóri Strætó, hakonv@straeto.is, sími 692 8812
- 💰 Sigurlaugur Þorsteinsson, vagnstjóri Strætó, sigurlaugurth@straeto.is, sími 893 0555
- 💰 Hilmar Hafsteinsson, Þvottastöð Strætó, hilmar@straeto.is, sími 895 0101
- 💰 Halldóra Hrund Guðmundsdóttir, Kattavinafélag Íslands og dýralæknir, sími 661 2487 og 540 9900, dyra@simnet.is, halldorahrund@gmail.com
- 💰 Herdís Hallmarsdóttir, Hundaræktarfélag Íslands, herdis@hrfi.is, hhallmarsdottir@lbi.is, sími 825 6719
- 💰 Jóhanna Garðarsdóttir, Astma- og ofnæmisfélag Íslands, johanna@reykjavik.is, sími 695 5081
- 💰 Hallgerður Hauksdóttir, Dýraverndarsamband Ísl., hallgerdur.hauksdottir@gmail.com, sími 899 8827
- 💰 Rakel Linda Kristjánsd., Félag ábyrggra hundaeig., lestrarhundar@gmail.com, sími 866 3440, varamaður Guðfinna Kristinsdóttir, guffaakristins@gmail.com, sími 612 3007

Afmörkun verkefnis:

Stjórn Strætó bs. hefur falið vinnuhópnum að meta möguleikann á því hvort leyfa eigi gæludýr í Strætisvögnum sem aka á höfuðborgarsvæðinu. Tryggja skal faglega umfjöllun um málefnið, engin niðurstaða er gefin fyrirfram. Það eina sem liggur fyrir er að fjalla þarf um alla anga verkefnisins, safna upplýsingum, svara lykilsurningum og að lokum er ætlunin að hópurinn mæli með einni ákveðinni niðurstöðu. Ef ekki næst ein samhljóma niðurstaða verður skilað inn atkvæðum allra.

Skilgreiningar:

Samkvæmt reglugerð um hollustuhætti, nr. 941/2002 eru gæludýr skilgreind með eftirfarandi hætti: **Gæludýr er hvert það lifandi dýr sem haldið er til afþreyingar.**

Vinnuhópurinn telur ekki gerlegt að vinna út frá svo víðri skilgreiningu í þessu tiltekna verkefni og mun því afmarka sína vinnu og niðurstöðu við eftirtalda flokka gæludýra:

Gæludýr sem mögulega væri hægt að ferðast með í strætisvagni á höfuðborgarsvæðinu, eru hundar, kettir, nagdýr, fuglar í búri, kanínur, froskar, skrautfiskar, skriðdýr og skordýr. Húsdýr teljast ekki með í þessari skilgreiningu, jafnvel þó hluta þeirra sé oft haldið til afþreyingar. Sjálfgefið er að ekki skuli fjallað um neinar ólöglegar dýrategundir á Íslandi, s.s. snáka, óskráða hunda, o.þ.h.



2. Hagsmunaaðilagreining

Ýmisir aðilar eiga hagsmuna að gæta og geta haft margvísleg áhrif á framgang verkefnisins. Alltaf á að leggja áherslu á að haga framkvæmd með þeim hætti að það ýti undir jákvæða aðild hagsmunaaðila. Meðlimir vinnuhópsins eru allir fulltrúar hagsmunaaðila og þar að auki nokkrir fleiri aðilar og/eða hópar. Helstu hagsmunaaðilar eru:

- Farþegar
 - Almennir farþegar; börn, ungmenni, fullorðnir, aldraðir, öryrkjar
 - Sértekir hópar sem kannski ætti að huga að sérstaklega og leita til um álit; leikskólabörn og geðfatlaðir
- Vagnstjórar
- Starfsmenn þvottastöðvar
- Trúnaðarmenn starfsmanna Strætó
- Astma- og ofnæmissjúklingar
- Gæludýraeigendur
- Stjórn Strætó
- Dyraverndunarsamband Íslands
- Félag ábyrgra hundaeigenda

3. Lög og reglugerðir

Það sem helst snertir verkefnið eru eftirfarandi þættir:

Reglugerð sem vitnað er til er byggð á lögum nr. 7/12. mars 1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Reglugerð um hollustuhætti er nr. 941 frá 27. desember 2002. Í kafla XIV í reglugerðinni er fjallað um almenn samgöngutæki og þar segir í 55. grein:

Öll almenn samgöngutæki skulu háð heilbrigðiseftirliti.

Rými sem ætlað er farþegum í almennum samgöngutækjum skal vera vel við haldið og því haldið hreinu. Farþega má eigi flytja svo marga eða á þann hátt að valdi þeim eða öðrum hættu. Dýr má ekki flytja í almennum farþegarýmum samgöngutækja. Þetta gildir þó ekki um hjálparhunda, sbr. 19. gr.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt reglugerðinni. Í 74. grein er fjallað um undanþágur og þar segir:

Ráðherra er heimilt að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar og Umhverfisstofnunar að veita undanþágu frá einstökum ákvæðum reglugerðarinnar.

Bent var á að þar sem flutningur gæludýra með almenningssamgöngum væri ólöglegur væri ekki tímabært að vinna þetta verkefni. Það ætti frekar að skoðast ef lögunum yrði breytt. Í því samhengi var einnig bent á að lögum og reglugerðum væri oft breytt og að margsinnis hefði verið rík ástæða til þess í fortíðinni. Dæmi voru nefnd um þætti sem lengi voru ólöglegir en þykja í dag mjög sjálfsgöðir, s.s. kosningaréttur kvenna og sala á bjór.

4. Áhættuþáttagreining

Líklega áhættuþætti er m.a. hægt að meta út frá fyrri reynslu í sambærilegum verkefnum og með því að afla upplýsinga frá öðrum aðilum sem hafa framkvæmt sambærilega hluti. Einnig út frá huglægu mati og reynslu innan og utan fyrirtækisins.

- Gæludýr ræðst á vagnstjóra eða farþega
- Gæludýr ræðst á annað gæludýr
- Óþægindi, vanlíðan eða veikindi af völdum astma eða ofnæmis
 - Getur haft áhrif á farþega, vagnstjóra og eftirlitsmenn
- Hræðsla og ofsakvíði



- Ⓢ Óþrifnaður í vögnum; þvag, saur, hár, o.þ.h.
- Ⓢ Slysahætta fyrir dýrin, t.d. ef taumar flækjast í hurð eða öðrum búnaði
- Ⓢ Ábyrgð ekki nógu vel skilgreind, t.d. hvað varðar ofnæmiskast og sjúkrakostnað
- Ⓢ Hundar sem eru hvergi skráðir og ekki undir neinu eftirliti
- Ⓢ Illa kynntar reglur/forsendur við að leyfa gæludýr í vögnum gætu skapað vanda
- Ⓢ Kærulausir hundaeigendur (sleppa jafnvel gæludýri lausu)
- Ⓢ Illa uppaldir hundar skapa hættu
- Ⓢ Hávaðamengun (gelt, gjamm, mjálm, kvak, o.þ.h.)
- Ⓢ Viðbrögð dýranna við óvæntum aðstæðum, t.d. nauðhemplun vagns

5. Af hverju berast óskir um að ferðast með gæludýr í strætó?

Í gegnum árin hafa ítrekað komið fram óskir frá farþegum um að þeir fái að ferðast með gæludýr í vögnum Strætó. Einnig hafa slíkar umræður reglulega borist til stjórnarmanna Strætó og verið til umfjöllunar í fjölmiðlum. Vísað er til erlendra fyrirmynda og margra mismunandi ástæðna fyrir óskunum. Helstu ástæður óskanna eru metnar eftirtaldar:

Helstu tilfelli:	Afleiðing ferðahafta:	Athugasemd:
Farþegar hafa búið erlendis og vanist því að ferðast með gæludýr í Strætó, þeim kemur á óvart að það sé bannað hér	Breyttur lífsstíll, skert ferðafrelsi einstaklinga með gæludýrum	
Það er víða talinn eðlilegur valkostur gæludýraeigenda að nota almenningssamgöngur með dýrum sínum	Takmörkuð lífsgæði þeirra sem halda gæludýr	39% heimila halda gæludýr, þar af eru hundar um 20%
Grænn lífsstíll (án bíls) er ekki valkostur fyrir eigendur gæludýra á Íslandi	a) Geta ekki lifað samkvæmt grænum lífsstíll, verða að eiga bíl b) Strætó missir af tækifæri til farþegaaukningar	
Þarf að komast til dýralæknis	Dýr gæti látist eða kvalist lengur en þarf	Magntölur?
Langar að komast á lausagöngusvæði með hund	Skert lífsgæði, manna og dýra	
Þarf að komast með gæludýr í pössun	Sleppa ferðalagi, skert ferðafrelsi eiganda gæludýra	
Þarf að komast í heimsókn, með gæludýr með sér	Sleppa heimsókn, skert félagslegt frelsi, verri félagsleg tengsl	
Þarf að komast á námskeið eða í þjálfun með gæludýr	Sleppa námskeiði, gæludýr hljóta minni þjálfun og uppeldi	
Þátttaka í sýningum (hundar og kettir)	Sleppa sýningum, skert lífsgæði, minni þátttaka	

Flestir sem óska eftir að ferðast með gæludýr í Strætó virðast eiga það sameiginlegt að eiga ekki bíl, geta ekki ekið vegna líkamlegra eða andlegra ástæðna (blinda, flog, geðfatlaðir, aldraðir, o.þ.h.), hafa ekki efni á leigubíl, vegalengir eru of langar til gangs eða viðkomandi á erfitt með gang.



6. Áhættupáttamat

Áhættupættina er nauðsynlegt að meta sérstaklega m.t.t. vægis, lágmörkunar áhrifa og gagnaðgerða. Afla verður upplýsinga og gagna sem koma að notum við frekari úrvinnslu þáttanna.

Áhættupáttur:	Afleiðing:	Mótvægisáðgerðir:
Gæludýr ræðst á manneskju	Bitsár, tafir á þjónustu	Búr , taumur, munnkarfa. Aldurstakmarkanir.
Gæludýr ræðst á annað gæludýr	Truflun og röskun á þjónustu, mögulega tafir, þrif á vagni, dýraverndarmál?	Búr , taumur, munnkarfa. Aldurstakmarkanir.
Astma og ofnæmiskast starfsmanns eða farþega -Verður að vera bæði til staðar til að verði alvarleg áhrif	Óþægindi, vanlíðan, veikindi Hafa ber í huga að mjög mikið magn ofnæmisvaka berst með eigendum gæludýra, án þess að gæludýr séu með í för.	Ofnæmispennar og lyf. Afmörkuð svæði fyrir gæludýr. Tilmæli til farþega sem eiga gæludýr um að halda fremsta hluta vagna án ofnæmisvaka, setjast frekar aftan við miðju.
Hræðsla og ofsakvíði starfsmanna eða farþega	1,5% eru haldnir ofsahræðslu við hunda, þarf atferlisþjálfun til að vinna á. Þeir farþegar myndu hugsanlega forðast Strætó.	Fræðsla, svæðaskipting í vögnum, búr, taumur, munnkarfa. Hvetja til atferlisþjálfunar.
Óþrifnaður í vögnum	Tafir á þjónustu, þarf mögulega að skipta út vagni	Mæla með námskeiðum fyrir hundaeigendur, gera eigendur ábyrga fyrir þrifum Hreinsibúnaður í vögnum, sóttþreinsun, hanskar, pokar Gjaldtaka gæti dregið úr hættu þyrfti að þrifa sætin oft
Slyshætta fyrir dýrin	Meiðsl á dýrum, slys	Árétta að eigendur verða að bera ábyrgð á dýrum, vera vakandi fyrir slysavöldum, taka út vagnakostinn, myndavélar við dyrnar. Takmarkanir á annatíma
Ábyrgð illa skilgreind, t.d. vegna astma/ofnæmiskasts	Mögulegar lögsóknir	Fá lögfræðialit
Óskráðir hundar	Mögulega ótryggður hundur. Mögulega ekki ormahreinsaður	Gera kröfu um eingöngu skráða hunda í vögnum, aldrei óskráða. Hundaleyfi, merki, skírteini
Illu kynntar reglur og forsendur	Slyshætta, frávik, atvik, deilur við starfsmenn	Kynna allt vel!
Kærulausir hundaeigendur og illa uppaldir hundar	Slyshætta, óþrifnaður, kemur öðrum illa (ábyrgum eigendum)	Meiri kröfur auka ábyrgð, samvinna við hagsmunaaðila, aukin umræða
Hávaðamengun; gelt, væl, breim, spangól, ýlfur	Pirringur, óþægindi, vanlíðan fyrir starfsmenn og farþega	Vagnstjórar leiðbeina og geta gripið inn í
Óþekkt viðbrögð dýra, t.d. við nauðhemlun	Slyshætta	Brjóstaól ætti að vera krafa og óútdraganlegur taumur. Öll önnur dýr í búrum



7. Kostnaðaráætlun

Í verkefninu var ekki gerð kostnaðaráætlun við upphaf þess en gengið var út frá lágmarkun alls kostnaðar. Kostnaður felst fyrst og fremst í greiðslu aukavinnutíma starfsmanna, launaðri afleysingu vegna fundarsetu, léttum veitingum á fundum og gjafabréfum fyrir utanhúss sjálfboðaliða.

Við lok verkefnisins var verkefnið gert upp og heildarkostnaður þess reiknaður. Kostnaðarpætti og heildartölur má sjá í Excel skjali sem vistað er með öðrum fylgigögnum verkefnisins.

8. Forsendur ef gæludýr yrðu leyfð í Strætó

Afmarkanir verkefnisins:	
Tegund verkefnis:	Verkefnið er tilraunaverkefni til 12 mánaða. Að því loknu verður reynslan metin og ákvörðun tekin um framhaldið.
Umfang:	Verkefnið nær eingöngu til höfuðborgarsvæðisins.
Ferðatími:	Ekki er leyfilegt að ferðast með gæludýr í strætó á annatíma þar sem mikil þrengsli geta valdið dýrunum óþægindum og pláss er oft af skornum skammti fyrir farþega. Annatími er skilgreindur kl. 7:00 – 9:00 og 15:00 – 18:00 á virkum dögum.
Ábyrgð:	Gæludýr eru alfarið á ábyrgð þess farþega sem ferðast með dýrin. Ábyrgðaraðila ber að tryggja að alltaf sé farið eftir þeim reglum sem gilda hjá Strætó og ef dýr valda slysi, tjóni eða óþrifnaði ber ábyrgðaraðila að bæta úr því.
Aldursmörk ábyrgðaraðila:	Samkvæmt dýraverndarlögum verður ábyrgðaraðili gæludýrs að hafa náð 18 ára aldri. Hið sama gildir um ferðir með gæludýr í strætó.
Takmarkanir sem gilda um öll gæludýr:	Öll gæludýr sem ferðast í strætó eiga að vera í lokuðu búi eða tösku. Búr eiga að vera vel skorðuð eða bundin og geymd í kjöltu ábyrgðaraðila eða á gólfinu við fætur hans.
Sérákvæði fyrir stærri hunda:	Undantekningar frá reglum um búr og töskur eru veittar fyrir stærri hunda sem ekki rúmast í búi. Þeir eiga þó alltaf að vera í brjóstabeisli, með taum og alltaf undir fullri stjórn farþegans sem ferðast með hann. Hundar mega aldrei vera í útdraganlegum taumi í vagninum og þeir mega aldrei vera í sæti. Órólegir hundar eiga að vera með munnkörfu og rakkar sem merkja með rakkabindi.
Gæludýr háð leyfi og eftirlitsskyldu:	Hundar eru háðir leyfum opinberra eftirlitsaðila og þeim fylgja kröfur um árlegt eftirlit og greiðslu ábyrgðartrygginga. Ekki er leyfilegt að ferðast í strætó með óskráða hunda. Til sönnunar þess að hundur hafi verið skráður og leyfi sé fyrir honum verða allir hundar að vera með hundamerki frá sínu sveitarfélagi á hálsól sinni.
Heimilud svæði:	Til að tryggja frí svæði fyrir astma- og ofnæmissjúka, svo og þá sem hræðast dýr er ætlast til að gæludýr séu alltaf aftast í vögnunum. Farþeginn á að greiða fremst í vagninum en fara inn að aftan ef hann er með gæludýr meðferðis.
Fjöldi gæludýra per ábyrgðaraðila:	Hver ábyrgðaraðili gæludýrs sem ferðast í strætó má aðeins bera ábyrgð á einu búi eða einum hundi í taumi í einu.
Ferðakostnaður:	Gæludýr teljast ekki vera farþegar og greiða því ekki fargjald í strætó.
Rétt er að áréttu að sömu afmarkanir gilda um alla flokka gæludýra sem verkefnið nær til.	



Það kom talsvert mikið á óvart við vinnslu verkefnisins hversu miklir ofnæmisvaldar berast með farþegum sem eiga hunda og ketti, jafnvel þó dýrin séu ekki með í för. Samkvæmt fulltrúum astma- og ofnæmissjúkra í vinnuhópnum eru þeirra skjólstæðingar í jafn mikilli hættu á ofnæmisviðbrögðum frá farþega sem sest við hlið þeirra í vagninum eins og frá hundi eða ketti sem er í búi aftast í vagninum. Mögulega mætti meta hættuna meiri þar sem ofnæmisvaldar eru ósýnilegir á fatnaði en það er auðveldara að forðast dýrin sem eru á afmörkuðu svæði og vel sýnileg. Sjá einnig grein um mælingu á ofnæmisvökum í viðauka.

Vinnuhópurinn var sammála um að ef tilraunaverkefnið yrði samþykkt ætti samtímis að beina meðfylgjandi tilmælum til allra þeirra sem ferðast með strætó:

Tilmæli til allra hunda- og kattaeigenda sem ferðast með strætó:

Samkvæmt rannsóknum berst mikið magn ofnæmisvalda með hunda- og kattaeigendum, **óháð því hvort nokkur dýr ferðast með þeim í vögnunum**. Slíkt getur valdið ofnæmisviðbrögðum og valdið þeim sem haldnir eru astma- og ofnæmi miklum óþægindum, vanlíðan og jafnvel alvarlegum veikindum.

Strætó biðlar til þeirra farþega sem eiga hunda og ketti að leggja sitt af mörkum til að halda fremsta hluta vagnanna fríum fyrir ofnæmisvöldum með því að nýta sér frekar plássíð fyrir aftan miðjan vagn 😊

9. Fyrirliggjandi verkþættir:

Verkþáttur:	Áætluð verklok	Ábyrgð	Staða
Skilgreina hvaða gæludýr vinnuhópurinn fjallar um	07.04.2016	BE	Lokið
Kanna hvort Dýraverndunarsamtök Íslands geti/vilji eiga sæti í vinnuhópnum	11.04.2016	BE	Lokið
Safna saman helstu lagalegu gögnum og senda BE -Lög og/eða reglugerðir -Aðgreina texta um gæludýr og samgöngur	11.04.2016	JJ	Lokið
Kynna helstu lagalegu gögn fyrir hópnum	14.04.2016	JJ	Lokið
Taka saman upplýsingar/gögn um leyfilegar ferðir hunda í erlendum samgöngutækjum: -Hvar er leyfilegt -Eru skilmálar (t.d. búr, staðsetning í vagni, o.s.frv.) -Kostnaður -Hver er reynslan -Hafa verið vandamál	Fundur 3	HH	Lokið
Kynna samantekt um leyfilegar ferðir hunda í erlendum samgöngutækjum	Fundur 3	HH	Lokið
Taka saman gögn um hvaða reglur gilda á hinum norðurlöndunum varðandi gæludýr í samgöngutækjum -Taka öll norðurlöndin -Hvað er leyfilegt og hvað ekki (flokkar gæludýra) -Eru skilmálar (t.d. búr, staðsetning í vagni, o.s.frv.) -Kostnaður -Hver er reynslan af gæludýrum? -Hafa verið einhver vandamál? Ef svo er, hver?	06.04.16	SGÓ	Lokið



-Hafa komið upp tilfelli um ofnæmi eða slys á fólki eða dýrum? Ef svo er, hversu mörg tilfelli á ári? Sjá nánar í viðauka hér aftar.			
Kynna samantekt um hvaða reglur gilda um gæludýr í samgöngutækjum á hinum norðurlöndunum	Fundur 3	SGÓ	Lokið
Taka saman öll helstu gögn um astma og ofnæmi -Fjöldi sjúklinga -Áhrif og afleiðingar -Nálægð fyrir áhrif -O.s.frv.	13.04.16	JG	Lokið
Kynna gögn um astma og ofnæmi fyrir hópnum	13.04.16	JG	Lokið
Afla upplýsinga frá flugfélögunum um tilfelli sem tengjast fæðuofnæmi -Flugfélag Íslands; svar komið, sjá mail -Icelandair; sent mail 11.05.2016, svar komið, sjá Word skjal		BE	Lokið
Afla upplýsinga frá skóla- og frístundasviði um tilfelli sem tengjast fæðuofnæmi í skólum -Helga Sigurðardóttir, Gæðastjóri mötuneyta Sérfaði fyrir þá sem þarf, ofnæmispennar til staðar og starfsfólk þjálfað. Það hafa komið upp tilfelli af bráðaofnæmi, engar kærur eða ábyrgð skilgreind.	11.05.2016	BE	Lokið
Upplýsa ÖBÍ um verkefnið og leita umsagnar þeirra. -Öryrkjabandalagið, Ellen Calmon, ellen@obi.is , sími 530 6700. Svar barst frá ÖBÍ 26. maí 2016.	09.05.16	BE	Lokið
Upplýsa Hugarafn um verkefnið og leita umsagnar þeirra; Sigrún Halla Tryggvadóttir, hugarafn@hugarafn.is , símar 414 1550 og 821 2183. Send ítrekun um svar 19/5 -Svar: sáu sér ekki fært að gera greinargerð, þökkðu fyrir tækifærið og óskuðu verkefninu velfarnaðar.	19.05.2016	BE	Engin svör bárust
Upplýsa forsvarsmenn leikskólabarna/leikskólakennara um verkefnið og leita umsagnar þeirra, Haraldur@ki.is -Forsvarsmáður var upplýstur en hafnaði umsögn	09.05.16	BE	Lokið
Fá rökstuðning fyrir álit frá Félagi Íslenskra ofnæmis og ónæmislækna – fengu frest til 19. maí 2016 en skiluðu ekki	19.05.2016	BE	Lokið
Kanna þarf útboðsgögn og forsendur Strætó til að breyta þjónustu verktaka á höfuðborgarsvæðinu -Stærsta verktakanum – Hagvögnum – var boðin þáttaka í verkefninu og að senda fulltrúa í vinnuhópinn en hafnaði því Samkvæmt niðurstöðu hópsins yrðu gæludýr flokkuð sem farangur og því engin breyting á farþegaflutningum.	11.05.16	BE	Lokið
Fá Hundaakademíuna til að halda kynningu á sínu starfi -Sirka 15 mínútur	06.04.16	HH	Lokið
Fá Hundasamfélagið til að halda kynningu á sínu starfi -Sirka 15 mínútur	06.04.16	HH	Lokið
Móta forsendur/ramma ef gæludýr yrðu leyfð í strætó	06.04.16	BE	Lokið
Verklökafundur	20.05.16	BE	Lokið

Verkefnastjóri sér um allar viðbætur á töflunni. Ábendingar um lagfæringar þurfa einnig að berast verkefnastjóra til úrlausnar.



10. Fundargerðir

10.1. Fyrsti vinnufundur hópsins – fimmtudaginn 7. apríl 2016

Mætt voru:

Bergdís, Sigurður Grétar, Jónas, Sigurlaugur, Hákon, Pétur, Hilmar, Haraldur, Halldóra Hrund, Herdís og Jóhanna. Hildur komst ekki en fær senda verkefnishandbókina til upplýsinga.

Umræður, ákvarðanir, til eftirfylgni:

- Ⓢ Hópurinn kynnti sig; nafn og tengsl við verkefnið.
- Ⓢ Persónuupplýsingar voru yfirfarnar, bætt við gögnin og þau lagfærð.
- Ⓢ Farið var yfir hvernig gæludýr eru skilgreind og var hópurinn sammála um að ekki væri hægt að meta verkefnið á grundvelli svo opinnar skilgreiningar. Þar með gætu t.d. hestar og svín talist gæludýr en ekki er ætlunin að taka þannig flokka með í umræðunni.
- Ⓢ Hópurinn skilgreindi hvaða flokka gæludýra verkefnið nær til, sjá kafla 1.
- Ⓢ Hópurinn skilgreindi hagsmunaaðila verkefnisins.
 - Ákveðið að BE hafi samband við Dýraverndarsamtök Íslands og bjóði þeim að skipa fulltrúa í vinnuhópin.
 - Ákveðið að huga ætti sérstaklega að tveimur hópum farþega; þ.e. geðfötluðum og leikskólabörnum, sjá nánar í verkþáttatöflu.
- Ⓢ Afla þarf viðamikilla upplýsinga fyrir framgang verkefnisins, sjá nánar í verkþáttatöflu;
 - Lög og reglugerðir
 - Leyfilegar ferðir hunda í samgöngutækjum erlendis
 - Reglur um gæludýr í samgöngutækjum hjá samnorraenum samstarfsaðilum Strætó
 - Astmi og ofnæmi, áhrif á farþega og vagnstjóra

Næsti fundur verður fimmtudaginn 14. apríl, í Þönglabakka 4 í Mjódd, kl. 15.00 – 16.30.



10.2. Annar vinnufundur hópsins – Fimmtudagur, 14. apríl 2016

Mætt voru:

Bergdís, Sigurður Grétar, Jónas, Pétur, Hilmar, Hildur, Haraldur, Halldóra, Jóhanna, Hallgerður og Guðfinna (staðgengill fyrir Rakel)

Eftirtaldir voru fjarverandi en fá senda verkefnishandbókina til kynningar:

Sigurlaugur, Herdís og Rakel

Umræður, ákvarðanir, til eftirfylgni:

- Ⓢ Nýir meðlimir hópsins kynntu sig og fengu kynningu frá öðrum;
 - Hallgerður kemur inn sem fulltrúi fyrir Dýraverndunarsamband Íslands
 - Rakel kemur inn sem fulltrúi fyrir Félag ábyrgra hundaeigenda. Hún var lasin á fundinum en sendi staðgengil fyrir sig, Guðfinnu
- Ⓢ Hópurinn sammæltist um að fylgja eftirfarandi siðareglum:
 - Sýnum hvort öðru og skoðunum annara virðingu
 - Tölum aðeins ein/eitt í einu
 - Engar sér umræður í hálfum hljóðum, það truflar
 - Hlustum á hina í hópnum
 - Pössum að einoka ekki umræðuna
 - Leyfum öðrum að tjá sig
 - Hleypum skoðunum annara að
 - **Forðumst ótímabærar rökræður**
- Ⓢ Vegna næstu funda var eftirfarandi ákveðið:
 - Fundardagar verður hér eftir fastir, vikulega á föstudögum
 - Við megum ekki brjóta hvíldartímaákvæði á starfsmanni þvottastöðvar og þess vegna verða fundir kl. 16.00 – 17.00
 - BE heldur utan um aukavinnutíma HH
 - Starsfmaður í mönnun vagnstjóra hefur verið upplýstur um verklagið og mun gera sitt besta til að fá vagnstjóra leysta frá vakt ef þannig ber undir
- Ⓢ JJ kynnti samantekt um lög og reglur, sjá kafla 3
- Ⓢ Hópurinn skilgreindi helstu áhættuþætti sem fylgja verkefninu, sjá kafla 4
- Ⓢ Hópurinn skilgreindi helstu ástæður þess að farþegar óska eftir að ferðast með gæludýr í Strætó, sjá kafla 5

Næsti fundur, föstudaginn 22. apríl kl. 16.00 – 17.00. Á þeim fundi er ætlunin að kynna hvernig reglur gilda um hunda og önnur gæludýr í almenningsfaratækjum annars staðar í heiminum. Herdís og Sigurður Grétar taka saman gögn fyrir fundinn og kynna samantektir á fundinum. Sjá nánar í verkþáttatöflu um hvaða þætti helst á að meta.



10.3. Þriðji vinnufundur hópsins – föstudagur, 22. apríl 2016

Mætt voru:

Bergdís, Sigurður Grétar, Jónas, Pétur, Hilmar, Hildur, Haraldur, Halldóra, Jóhanna, Hallgerður, Rakel, Sigurlaugur, Hákon og Herdís

Eftirtaldir voru fjarverandi en fá senda verkefnishandbókina til kynningar:

Halldóra Hrund var fjarverandi en fær senda fundargerð

Umræður, ákvarðanir, til eftirfylgni:

- Ⓢ Minnt var á óformlegar síðareglur sem hópurinn hefur sammælt um að fylgja á fundum sínum, þær yfirfarnar og rifjaðar upp.
- Ⓢ Hópurinn hélt áfram vinnu við kafla fimm; þ.e. að skrá ástæður þess að Strætó fær óskir um að farþegar fái að ferðast með gæludýr í vögnunum. Einnig var bætt við upplýsingum um mögulegar afleiðingar ferðahafta og athugasemdum.
- Ⓢ Vinnuhópurinn hóf vinnu við kafla sex; áhættuþáttamat. Búið er að tilgreina helstu áhættuþættina og hópurinn náði að hefja greiningu á afleiðingum og skráningu mótvægisáðgerða. Reynt verður að ljúka þeirri vinnu á næsta fundi hópsins.
- Ⓢ Herdís kynnti samantekt um hvaða reglur gilda um hunda í almenningssamgöngum á norðurlöndunum. Herdís sendir minnispunktana sína á vinnuhópinn.
- Ⓢ Sigurður Grétar kynnti samantekt um hvaða reglur gilda um gæludýr í almenningssamgöngum á norðurlöndunum. BE sendir gögnin hans með fundargerðinni.
- Ⓢ Talin er ástæða til að óska sérstaklega eftir upplýsingum um eftirtalda þætti frá norðurlöndunum:
 - Hver er reynslan af gæludýrum í almenningssamgöngum?
 - Hafa verið einhver vandamál? Ef svo er, hver?
 - Hafa komið upp tilfelli um ofnæmi eða slys á fólki eða dýrum? Ef svo er, hversu mörg tilfelli á ársgrundvallii? **SGÓ sendir fyrirspurnir til norðurlandanna og fylgir eftir svörum**
- Ⓢ Jónas J. hefur tekið saman lagaleg gögn um velferð dýra og rglugerð um velferð gæludýra, BE sendir gögnin með fundargerðinni og **eru meðlimir hópsins beðnir um að kynna sér texta sem aðgreindur er með gulum lit. Nánar verður fjallað um þessa þætti á næsta fundi.**
- Ⓢ Sigurlaugur hefur tekið saman lista yfir áhugaverðar heimasíður sem tengjast gæludýrum í almenningssamgöngum, BE sendir listann með fundargerðinni, hópnum til upplýsinga.

Næsti fundur, föstudaginn 29. apríl kl. 16.00 – 17.00. Á þeim fundi er ætlunin að halda áfram með áhættuþáttamatið.



10.4. Fjórði vinnufundur hópsins – föstudagur, 29. apríl 2016

Mætt voru:

Bergdís, Jónas, Pétur, Hilmar, Hákon, Halldóra Hrund, Hallgerður og Rakel.

Eftirtaldir voru fjarverandi en fá senda verkefnishandbókina til kynningar:

Sigurður Grétar, Hildur, Jóhanna, Sigurlaugur, Haraldur og Herdís.

Umræður, ákvarðanir, til eftirfylgni:

- Ⓢ Minnt var á óformlegar siðareglur sem hópurinn hefur sammælt um að fylgja á fundum sínum.
- Ⓢ Hópurinn kláraði vinnu við kafla 6, þ.e. að meta afleiðingar og mótvægisáðgerðir við áhættuþætti verkefnisins.
 - Undanskilið: ábyrgð vegna astma- og ofnæmiskasta. Fulltrúi hópsins á þessu sviði var ekki á staðnum og umræðan því geymd þar til síðar.
- Ⓢ Einnig kláraði hópurinn að móta allar helstu forsendur sem settar yrðu **EF** gæludýr yrðu leyfð í Strætó. Það er talið nauðsynlegt að móta forsendurnar strax svo meðlimir hópsins geti gert upp hug sinn og til að hægt sé að fá álit og umsögn annara aðila (t.d. geðfatlaðra og forsvarsmanna leikskólabarna). Forsendurnar verða sendar með verkefnishandbókinni.
- Ⓢ Nokkrar umræður voru um hundafælni og tíðni gæludýrahalds. HH tekur saman gögn fyrir BE sem áframsendir á hópinn.

Næsti fundur, föstudaginn 6. maí kl. 16.00 – 17.00.

Á þeim fundi er vonast til að Hundaakademían og Hundasamfélagið haldi kynningar á sínu starfi eða Astma- og ofnæmisfélagið miðli tölulegum upplýsingum sem tengist þeirra starfsemi.



10.5. Fimmti vinnufundur hópsins – föstudagur, 6. maí 2016

Mætt voru:

Bergdís, Jónas, Pétur, Hilmar, Hákon, Halldóra Hrund, Hallgerður, Rakel, Sigurður Grétar, Jóhanna, Haraldur og Herdís.

Eftirtaldir voru fjarverandi en fá senda verkefnishandbókina til kynningar:

Hildur og Sigurlaugur.

Umræður, ákvarðanir, til eftirfylgni:

- Ⓢ Heiðrún Klara kynnti starfsemi Hundaakademíunnar með sérstakri áherslu á þjálfun hunda og ferðir í strætisvögnum. Heiðrún hélt námskeið fyrir nokkra hunda um borð í strætisvagni fyrir u.þ.b. ári síðan og sagði hún frá reynslunni á námskeiðinu. Minnispunktar Heiðrúnar verða sendir hópnum með fundargerðinni eða innan fárra daga ef gögnin hafa ekki borist þegar fundargerðin verður send.
- Ⓢ Berglind Guðbrandsdóttir kynnti starfsemi Hundasamfélagsins. Kynningarglærur hennar verða sendar með fundargerðinni.
- Ⓢ Vinnuhópurinn er sammála um að ef jákvæð niðurstaða verður við lok verkefnisins ætti skilyrðislaust að vinna innleiðingu nýrra reglna í náinni samvinnu við alla helstu hagsmunaaðila. Hundasamfélagið er mjög stór hópur og ætti hann að geta lagt mikið af mörkum við allt kynningarstarf.
- Ⓢ Hópurinn fékk álit þeirrar Heiðrúnar og Klöru á forsendunum sem hópurin hafði mótað ef gæludýr yrðu leyfð í Strætó. Almennt þóttu forsendurnar nokkuð góðar en nokkrar umræður sköpuðust, sérstaklega varðandi sérákvæði fyrir stærri hunda og hvort ætti að binda hunda eða ekki. Að umræðum loknum var ákveðið að endurskoða ákvæðið og leggja frekar áherslu á að eigendur stærri hunda bæru alltaf fulla ábyrgð á sínum hundum.

Næsti fundur, föstudaginn 13. maí kl. 16.00 – 17.00.

Á þeim fundi mun fulltrúi Astma- og ofnæmisfélagsins kynna upplýsingar, gögn og tölur sem tengjast þeirra starfsemi.



10.6. Sjötti vinnufundur hópsins – föstudagur, 13. maí 2016

Mætt voru:

Bergdís, Pétur, Hákon, Halldóra Hrund, Hallgerður, Rakel, Sigurður Grétar, Jóhanna og Herdís.

Eftirtaldir voru fjarverandi en fá senda verkefnishandbókina til kynningar:

Hildur, Haraldur, Sigurlaugur, Jónas og Hilmar.

Umræður, ákvarðanir, til eftirfylgni:

- Ⓢ Jóhanna kynnti gögn frá Astma- og ofnæmisfélaginu, sjá Power Point glærur sem verða sendar með verkefnishandbókinni. Tekið var fram að frekar erfitt sé að nálgast gögn um astma- og ofnæmi þar sem slík gögn eru persónuvernduð.
- Ⓢ BE kynnti bréf frá Félagi Íslenskra Ofnæmis og Ónæmislækna. Félagið lýsir yfir að þeir leggist gegn því að gæludýr verði leyfð í almenningssamgöngutækjum. Enginn rökstuðningur er settur fram með álitinu og hefur BE óskað eftir rökstuðningi. Bréfið frá læknafélaginu verður sent með verkefnishandbókinni og rökstuðningurinn þegar hann berst.
- Ⓢ SGÓ kynnti svör frá norðurlöndunum varðandi hvernig þeim hefur gengið með gæludýr í strætisvögnum. Helstu niðurstöður eru:
 - Reynslan er almennt góð
 - Smávægilegur ágreiningur hefur komið upp ef reglur hafa ekki verið skýrar, örfáar kvartanir á hverju ári
 - Eitt slys þar sem hundur meiddist, einstaka atvik varðandi ofnæmi
 - Mikilvægast er að hafa mjög skýrar reglur og kynna þær velSamantektin verður send með handbókinni.
- Ⓢ Hópurinn skoðaði blaðgrein af mbl.is um hundasýningu í íþróttahúsi og ofnæmisvaka í skólafestu. Greinin verður send með handbókinni.
- Ⓢ BE leitaði til Skóla og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og óskaði eftir upplýsingum um hvernig málum er háttað í grunnskólum varðandi fæðuofnæmi nemenda. Svörin voru:
 - Sérfæði fyrir nemendur er í boði
 - Ofnæmispennar eru til staðar og starfsfólk er þjálfað í viðbrögðum
 - Það hafa komið upp tilfelli af bráðaofnæmi, engar kærur eða ábyrgð skilgreind
- Ⓢ BE óskaði eftir svörum frá Flugfélagi Íslands og Ícelandair um hvaða reglur gilda þar um fæðuofnæmi, hvort tilfelli hafi komið þar upp og hvar ábyrgð liggir. Svör hafa ekki borist ennþá en verður miðlað áfram á hópinn þegar og ef þau berast.
- Ⓢ BE sendi erindi til Öryrkjabandalagsins og Hugarafls þar sem upplýst var um verkefnið og óskað eftir umsögn frá þeim. Frestur var gefinn til umsagnar til 19. maí.
- Ⓢ Félag leikskólakennara hafnaði umsögn um verkefnið, taldi ekki ástæðu til þess af sinni hálfu.

Næsti fundur, föstudaginn 20. maí kl. 16.00 – 17.00. Þetta verður síðasti fundur hópsins og mjög mikilvægt að sem flestir mæti! Á fundinum verður farið yfir restina af gögnunum, verkefnið yfirfarið í heild sinni og tekin staðan á helstu lykilsurningum. Í lokin er svo ætlunin að reyna að ákveða eina framtíðarsýn fyrir hópinn og setja saman álit fyrir stjórn Strætó.



10.7. Sjöundi vinnufundur hópsins – föstudagur, 20. maí 2016

Mætt voru:

Bergdís, Pétur, Hákon, Halldóra Hrund, Hallgerður, Rakel, Hilmar, Jónas, Sigurður Grétar og Herdís.

Eftirtaldir voru fjarverandi en fá senda verkefnishandbókina til kynningar:

Hildur, Haraldur og Sigurlaugur.

Staðgengill:

Jóhanna komst ekki á fundinn en sendi staðgengil fyrir Astma- og ofnæmisfélag Íslands; Björn Ólaf Hallgrímsson, netfangið hans er: bjorn@logskil.is. Björn mun fá senda fundargerð ásamt Jóhönnu.

Umræður, ákvarðanir, til eftirfylgni:

- Ⓢ BE lét taka mynd af hópnum og hefur hún verið send hópnum.
- Ⓢ Hópurinn yfirfór verkefnishandbókina og kláraði þá þætti sem voru ókláraðir.
- Ⓢ Nokkrar umræður spunnust um ábyrgð ef astma- og ofnæmissjúklingur fengi ofnæmiskast í Strætó. Skoðanir voru skiptar en sameiginlegur skilningur og niðurstaða fékkst ekki. Mælt var með að stjórn Strætó léti sérstaklega kanna lögfræðilít á þessum þætti.
- Ⓢ BE kynnti tillögu að tilmælum til farþega sem ferðast í Strætó, sjá nánar í kafla 8. Hópurinn samþykkti tilmælin og telur þau til bóta. Ef tillagan um gæludýr í strætó verður samþykkt ætti að koma tilmælunum á framfæri samtímis.
- Ⓢ BE óskaði eftir svörum frá Flugfélagi Íslands og Icelandair um hvaða reglur gilda þar um fæðuofnæmi, hvort tilfelli hafi komið þar upp og hvar ábyrgð liggir. BE kynnti svör þeirra.
- Ⓢ BE sendi erindi til Öryrkjabandalagsins og Hugarafls þann 9. maí þar sem upplýst var um verkefnið og óskað eftir umsögn frá þeim. Frestur var gefinn til umsagnar til 19. maí en hvorugt félagið sendi umsögn um verkefnið.
- Ⓢ BE óskaði eftir rökstuðningi fyrir álit frá Félagi Íslenskra ofnæmis og ónæmislækna – þeir fengu frest til 19. maí 2016 en skiluðu engum rökum.
- Ⓢ Síðasta verkefni hópsins var að skrá niður álit hvers og eins á tillögunni um hvort leyfa ætti gæludýr í Strætó. Hver einstaklingur veitti sitt persónulega álit ásamt rökstuðningi þar sem ekki tókst að mynda eitt samdóma álit fyrir hópinn. Sjá töflu á næstu síðu.
- Ⓢ Þrír meðlimir hópsins voru fjarverandi á fundinum og sá BE um að hafa samband við þá og skrásetja þeirra álit.
- Ⓢ BE þakkaði meðlimum vinnuhópsins fyrir vel unnin störf og afhenti sjálboðaliðum sem ekki voru á launum við verkefnisvinnuna gjafabréf fyrir tvo í leikhús.

Næsti fundur: engir fleiri vinnufundir verða haldnir í verkefninu. BE mun kynna verkefnishandbókina fyrir stjórn Strætó bs. föstudaginn 27. maí og eftir það tekur stjórnin endanlega ákvörðun um málefnið.



12. Viðaukar

12.1. Reglur sem gilda um gæludýr á hinum norðurlöndunum

Land – Borg	Skilyrði
Svíþjóð – SL í Stokkhólmi	Búr eða taumur. Ákveðin svæði. Ekkert gjald.
Noregur – Ruter í Osló	Taumur. Sitja í kjöltu eða á gólfi. Ekkert gjald.
Danmörk – DOT í Kaupmannahöfn	Búr eða taska. Ekkert gjald. Stærri hundar – barnagjald. Sitja á gólfi eða vera í taumi. Ekki leyfilegt í ákveðnum vögnum og á ákveðnum tímum. Aðeins ákveðin svæði. Einn hundur per farþega.
Finnland – HSL í Helsinki	Gæludýr velkomin. Ferðast frítt. Búr eða á gólfi.



12.2. Samantekt um reynsluna á hinum norðurlöndunum

- Ⓢ Reynslan er almennt góð
- Ⓢ Smávægilegur ágreiningur hefur komið upp ef reglur hafa ekki verið skýrar, örfáar kvartanir á hverju ári
- Ⓢ Eitt slys þar sem hundur meiddist, einstaka atvik varðandi ofnæmi
- Ⓢ Mikilvægast er að hafa mjög skýrar reglur og kynna þær vel



12.3. Kynning Astma- og ofnæmisfélags Íslands

[AO kynning JG.pptx](#)



12.4. Morgunblaðsgrein um ofnæmisvaka

21. maí 1996 | Innlendar fréttir | 455 orð, MBL.

Sýni tekin í Digranes- og Hjallaskólum vegna hundasýningar í íþróttahúsi

Tífalt fleiri ofnæmisvakar mældust í skólastofu

SÝNATAKA í Digranes- og Hjallaskólum hefur leitt í ljós tífalt meira af hundaofnæmisvaka í kennslustofu en í íþróttahúsi daginn eftir hundasýningu. Mælt var í stofunni fyrir sýningu og áður en börnin komu í skólann. Hundasýningin var haldin í íþróttahúsi Digranesskóla, sem nemendur Hjallaskóla nýta einnig, fyrstu helgina í mars, og fór Hundaræktarfélag Íslands fram á að mælingin yrði gerð.

Sýni tekin í Digranes- og Hjallaskólum vegna hundasýningar í íþróttahúsi Tífalt fleiri ofnæmisvakar mældust í skólastofu

SÝNATAKA í Digranes- og Hjallaskólum hefur leitt í ljós tífalt meira af hundaofnæmisvaka í kennslustofu en í íþróttahúsi daginn eftir hundasýningu. Mælt var í stofunni fyrir sýningu og áður en börnin komu í skólann. Hundasýningin var haldin í íþróttahúsi Digranesskóla, sem nemendur Hjallaskóla nýta einnig, fyrstu helgina í mars, og fór Hundaræktarfélag Íslands fram á að mælingin yrði gerð. Mótmæli voru gerð vegna sýningarinnar, meðal annars fyrir hönd foreldra sem eiga börn með ofnæmi.

Unnur Steina Björnsdóttir, sérfræðingur í ofnæmissjúkdómum, sem tók sýnin, segir að leitað hafi verið að ferns konar ofnæmisvaka í einni af skólastofum Hjallaskóla fyrir sýningu og íþróttahúsi Digranesskóla 24 og 48 tímum eftir að henni lauk.

Um er að ræða rykmaurana *dermatophagoides pternissinus* og *dermatophagoides farinae*, og eggjahvítusamband í háirsekk hunda og katta, sem nefnt er *Can d I* í hundi, og *Fel d I* í ketti.

"Það mælist ekkert í útblásturslofti loftræstikerfis, á veggjum eða gólfi, fyrir sýningu en töluvert magn ofnæmisvaka á gólfi og veggjum íþróttahússins meðan á henni stendur. Síðan mælist ekkert á gólfinu en örlítið í útblæstrinum 24 og 48 tímum eftir sýningu," segir hún.

Ofnæmisvakinn er mældur í nanógrömmum í hverju rykgrammi og segir Unnur Steina að á meðan sýningin stóð yfir hafi fundist 2.600 nanógrömm af *Can d I* í hverju grammi og 16 nanógrömm af *Fel d I* á gólfi hússins. Daginn eftir hafi mælst 105 nanógrömm af *Can d I* í loftræstikerfinu, en ekkert af *Fel d I*. Segir hún ennfremur að kattaofnæmi sé mun alvarlegra en hundaofnæmi, sem sé algengara.

Aðstæður ákjósanlegar í íþróttahúsinu

"Mælingin í skólastofunni leiddi hins vegar í ljós töluvert magn af hunda- og kattaofnæmisvaka á stólum og gólfi. Þar fundust 1.050 nanógrömm af *Can d I* í hverju grammi af ryki á stól, eða helmingur þess sem mælist meðan á sýningunni stendur, og 875 nanógrömm af *Fel d I* í rykgrammi á stólunum. Engir rykmauraofnæmisvakar mældust hins vegar, sem er merkilegt miðað við það sem þekkist erlendis frá, þar sem rykmauraofnæmi er mun algengara," segir Unnur Steina.

Segir hún jafnframt að magnið sem mældist í loftræstikerfi íþróttahússins sé ekki mikið. "En sá sem er með slæmt ofnæmi og astma, þarf óskaplega lítið magn til þess að kalla fram einkennin. Þeir einstaklingar eru hins vegar fáir."

Hvað skólastofurnar varðar segir hún þekkt að astmi versni til dæmis mjög mikið hjá börnum með kattarofnæmi þegar skóli hefjist aftur að hausti. Enda sé vitað að gæludýrahald hafi aukist mjög mikið á undanförunum árum.

Unnur Steina segir loks að varasamt sé að yfirfæra niðurstöðurnar úr mælingu í íþróttahúsi Digranesskóla því aðstæður þar séu ákjósanlegar. Mjög auðvelt sé að þrifa húsið og engin samskeyti á gólfdukk.